

Alþingi, nefndasvið
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 10. október 2017

Tilvísun: 2017030437HB/--

Efni: Tillaga til þingsályktunar um rafræna birtingu málaskráa og gagna ráðuneyta.

Persónuvernd vísar til beiðni frá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis dags. 9. mars 2017, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um rafræna birtingu málaskráa og gagna ráðuneyta þskj. 242, 175. mál á 146. löggjafarþingi.

Með framangreindri tillögu er lagt til að forsætisráðherra verði falið að gera nauðsynlegar ráðstafanir svo að unnt verði að veita almenningi rafrænan aðgang að málaskráum og gögnum ráðuneyta í samræmi við 2. mgr. 13. gr. upplýsingalaga. Þá er gert ráð fyrir að ráðherra skuli í þessu skyni setja reglugerð sem kveði á um hvernig birtingu þessara upplýsinga skuli háttað og hvernig tryggður skuli viðeigandi vettvangur og aðbúnaður til að veita aðgang að upplýsingunum. Í greinargerð með tillögunni er m.a. tekið fram að í slíkri reglugerð þurfi að koma fram hvernig skuli standa að birtingu upplýsinganna, hvenær skuli birta þær, hvaða upplýsingar um mál skuli birta og hvaða upplýsingar megi ekki birta, svo sem vegna sjónarmiða um persónuvernd og öryggi ríkisins. Persónuvernd tekur undir þetta og leggur áherslu á mikilvægi þess að hugað sé að sjónarmiðum um persónuvernd, þ. á m. varðandi meðalhóf við vinnslu persónuupplýsinga, áður en tekin er ákvörðun um að birta málaskráar ráðuneyta. Í því sambandi tekur Persónuvernd fram að ekki þarf eingöngu að huga að almennum sjónarmiðum um persónuvernd heldur þarf einnig að tryggja öryggi slíkra upplýsinga með fullnægjandi hætti, sbr. 11.-13. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, m.a. með því að verja þær fyrir óleyfilegum aðgangi.

Að lokum bendir Persónuvernd á að árið 2013 gaf stofnunin út álit um heimild Viðlagatrygginga til að birta upplýsingar úr málaskrá, sbr. mál nr. 2013/527, sem aðgengilegt er á heimasíðu

Persónuverndar. Í álitinu er m.a. vísað til þess að í 5. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 er mælt fyrir um skyldu stjórnvalda til að afhenda almenningi gögn samkvæmt beiðni. Þá skulu stjórnvöld samkvæmt 1. mgr. 13. gr. laganna með reglubundnum hætti veita almenningi upplýsingar um starfsemi sína, s.s. með rafrænni útgáfu skýrslna, samantektum um mikilvæg verkefni eða útgáfu annarra gagna. Þá segir í 2. mgr. 13. gr. að stjórnvöld skuli vinna markvisst að því að gera skrár yfir mál, lista yfir málgögn og gögnin sjálf jafnóðum aðgengileg með rafrænum hætti. Hið sama eigi við um gagnagrunna og skrár. Þess skuli gætt að birting gangi ekki gegn einka- eða almannahagsmunum. Samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga nr. 77/2000 takmarka þau ekki aðgang að gögnum samkvæmt upplýsingalögum. Í því felst að þegar síðarnefndu lögini mæla fyrir um skyldu stjórnvalda til að afhenda tiltekin gögn verður réttur almennings á þeim grundvelli ekki skertur með vísan til laga nr. 77/2000. Aftur á móti ber við umrædda birtingu að fara að ákvæðum laga nr. 77/2000. Í því felst m.a. að sú vinnsla persónuupplýsinga, sem felst í birtingunni, þarf að falla undir eitthvert af heimildarákvæðum 8. gr. laganna. Þá þarf að vera fullnægt öllum grunnkröfum 7. gr. varðandi m.a. sanngirni, lögmæti og meðalhóf. Telur Persónuvernd æskilegt að við setningu reglugerðar um birtingu málaskráa og gagna ráðuneyta sé hugað sérstaklega að þeim atriðum sem fram koma í fyrrgreindu álitu.

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við þingsályktunartillöguna.

Beðist er velvirðingar á þeirri töf sem hafa orðið á að svara beiðni nefndarinnar, en hún er til komin vegna mikilla anna hjá Persónuvernd.


Vigdís Eva Línfal


Hildur Þórarinsdóttir